



Fundargerð

202. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 24. febrúar 2016 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Guðbjörg Björnsdóttir, Skúli Björnsson, Sigvaldi H. Ragnarsson varamaður og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Gunnhildur Ingvarsdóttir

Dagskrá:

1. Endurskoðunarskýrsla, undirritun ársreiknings 2015
2. Innkomin erindi
3. Hreinsun fráveitu Egilsstöðum og Fellabæ
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl 12:08

Gunnar Jónsson stýrði fundi.

1. Endurskoðunarskýrsla, undirritun ársreiknings 2015

Magnús Jónsson sat undir þessum dagskrárlíð, kynnti endurskoðunarskýrslu sína, svaraði fyrirspurnum.

Helstu tölur úr ársreikningi 2015:

	2015	2014
Tekjur af veitustarfsemi	360.061.729	343.119.804
Rekstur veitukerfa	-95.501.415	-93.513.828
Framlegð	264.560.314	249.605.976
Rekstrarhagnaður (-tap) (EBITDA)	212.519.520	210.034.126
Afskriftir	-86.190.927	-76.574.062
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	126.328.593	133.460.064
Hrein fjármagnsgjöld	-55.179.802	-58.921.421
Hagnaður fyrir tekjuskatt	70.274.921	73.599.590
Hagnaður ársins	60.947.534	83.821.850
Eigið fé og skuldir samtals	1.963.646.386	1.906.526.946
Langtímaskuldir	1.308.032.519	1.314.108.723
Eiginfjárhlutfall	26,9 %	

Ársreikningur 2015 borinn upp og staðfestur með undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra.

2. Innkomin erindi

- a) Erindi Þórarins Lárussonar um heitt vatn til þurrkunar á hráefni vegna kögglaferksmiðju - stjórn er jákvæð fyrir að selja vatn til nýrra notenda og er til í að ganga til samninga um söluna á sama grunni og áður hefur verið gert á svæðum sem eru heppileg til afhendingar á heitu vatni.
- b) Fram eru lögð drög að greinargerð áfrýjanda í hæstaréttarmálinu nr. 94/2016.
- c) Svarbréf framkvæmdastjóra til bæjarstjóra vegna ljósleiðara sem fylgir Vallaveitu – frestað.

3. Hreinsun fráveitu Egilsstöðum og Fellabæ

Undir þessum dagskrárlið sátu Reynir Sævarsson og Hugrún Hjálmarsdóttir frá Eflu verkfræðistofu.

Þau lögðu fram og kynntu skýrsluna “Hreinsun frárennslis á Egilsstöðum og í Fellabæ, forhönnun og kostnaðarmat dagsett í febrúar 2016”, unnin af Eflu verkfræðistofu að beiðni HEF ehf.

Skýrsluhöfundar svöruðu margvíslegum spurningum stjórnarmanna að lokinni kynningu.

Framkvæmdastjóra falið að vinna grófa rekstraráætlun út frá þeim valkostum sem mælt er með í skýrslunni.

4. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri lagði fram mynd af lagnaleið fyrir hitaveitupípu frá stofnlögn upp í Tjarnarbraut og inn með Blómabæjarreitnum að tengipunkti við Miðvang samtals 450 metra. Framkvæmdastjóri óskar eftir fara í þessa framkvæmd sem viðbót við framkvæmdaáætlun ársins. Verkefnið mun styrkja rekstaröryggi hitaveitunnar. Tillaga um að fara í verkefnið að tillögu framkvæmdastjóra borin upp. Samþykkt með fjórum atkvæðum en GB situr hjá.
- b) Næsti fundur 3. mars 2016 kl. 16:00 og aðalfundur kl. 17:00.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 15:25.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson.